

Níundi fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 3. desember 2020 að Breiðabliki kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun vegna 2021 seinni umræða. Farið yfir áætlunina en afgreiðslu frestað fram að annari umræðu um 3 ára áætlunina.
2. Fjárhagsáætlun vegna 2022 til 2024 . Farið yfir 3 ára áætlunina og hún samþykkt til seinni umræðu.
3. Tillaga að gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
4. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna Laugargerðisskóla, sundlaugar og íþróttahúss frá 24.11.2020. Það komu tveir frá Heilbrigðiseftirliti í skólann 24. nóvember og fóru með oddvita um öll húsin, skoðuðu þeir allt mjög vel m.a. rakamældu þar sem sást á veggjum. Sveitarstjórn hefur undanfarin ár unnið markvisst að endurbótum á byggingum á skólasvæðinu. Kom í ljós við þessa ítarlegu skoðun að við höfum verið að vinna vel í rétta átt og er það ánægjulegt. Nokkrar ábendingar komu af hálfu eftirlitsins sem þegar hefur verið brugðist við og verður lokið innan tiltekins frest.
5. Erindi frá Sýslumanni Vesturlands. Fært í trúnaðarbók.
6. Skipulags og byggingarmál. Farið var yfir stöðuna á skráningum.
 - Í haust hefur verið kallað eftir gögnum frá aðilum þar sem ekki var búið að skrá eignir í fasteignamatskerfið. Sveitarstjórn vill þakka þeim sem brugðust vel við og sendu inn gögn þannig að hægt var að ljúka við skráningu þeirra eigna. Sveitarstjórn vill jafnframt benda þeim sem eftir eiga að skila inn gögnum að bregðast skjótt og vel við. Mikilvægt er að skráningar séu í lagi til þess m.a. að fólk geti tryggt sínar eignir.
 - Farið var yfir vinnu við að sameina skipulags og byggingarmálin í nokkrum sveitarfélögum.
7. Framkvæmdir við Breiðablik. Farið yfir framkvæmdir á útisvæði við Breiðablik.
8. Farið yfir vinnu starfshóps um stöðu og stefnu í úrgangsmálum á Vesturlandi. Sveitarstjórn fór yfir vinnu starfshópsins og fór jafnframt yfir hvernig hún gæti breytt fyrirkomulaginu í sveitarfélaginu.
9. Beiðni um skráningu lögbýlis. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að stofnað verði lögbýli á umbeðinni lóð með landnúmeri 219774 ef önnur þau skilyrði til stofnunar lögbýlis verði uppfyllt.
10. Stafrænt ráð og skipting fastakostnaðar. Samþykkt af sveitarstjórn að taka þátt í þessu verkefni.
11. Deiliskipulag vegna Miðhrauns 2. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Miðhraun 2 dagsett 15.3.2020. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu í samræmi við 1. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. Deiliskipulag vegna Stórakróks. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Stórakrók dagsett 12.10.2020. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu í samræmi við 1. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
13. Deiliskipulag vegna íbúðarbyggðar við Laugargerðisskóla. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi vegna íbúðarbyggðar við Laugargerðisskóla dagsett 12.06.2020. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu í samræmi við 1. mgr 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
14. Fundarboð á ársfund Svæðisgarðsins 7. desember 2020. Lagt fram til kynningar.
15. Fundargerð stjórnarfundar Svæðisgarðsins frá 10.11.2020. Lögð fram til kynningar.
16. Fundargerð stjórnar svæðisgarðsins frá 18.11.2020. Lögð fram til kynningar.
17. Áfangastaðir í áfangastaðaáætlun. Sveitarstjórn fór yfir áætlunina og oddvita falið að koma á framfæri ábendingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)